

Vísindasjóður Landspítala auglýsir styrki fyrir ungt vísindafólk til klínískra vísindarannsókna

Vísindasjóður Landspítala auglýsir til umsóknar allt að sjö styrki til klínískra vísindarannsókna, hvern að upphæð allt að 2 milljónir króna. Styrkirnir eru ætlaðir ungu starfsfólki Landspítala. Umsóknarfrestur er til klukkan 18 þriðjudaginn 31. október 2017.

Umsóknir: Vísindaráð Landspítala metur umsóknir fyrir hönd Vísindasjóðs Landspítala. Nota skal [umsóknareyðublað Vísindaráðs](#) og fylgja leiðbeiningum þess. Umsóknir sendist til visindarad@landspitali.is.

Markmið: Að styðja við klínískar rannsóknir og rannsóknarvirkni ungs háskólamenntaðs starfsfólks Landspítala. Markhópurinn er starfsfólk Landspítala sem hefur lokið háskólaprófi á síðustu 5 árum.

Helstu skilyrði:

- Að styrkfé sé nýtt til greiðslu launa ungra rannsakenda vegna rannsóknarverkefna á Landspítala.
- Að skrifstofa framkvæmdastjóra hjúkrunar og framkvæmdastjóra lækninga hafi umsjón með styrkfé.
- Ungur rannsakandi (aðalumsækjandi) og verkefnisstjóri (meðumsækjandi) skulu vera starfsmenn Landspítala.
- Fylgja skal bréf frá yfirmanni um að viðkomandi geti fengið launalaust leyfi frá klínískri vinnu meðan laun eru greidd af styrkfé.

Nánari lýsing:

- Styrkirnir eru ætlaðir til verkefna sem líkleg eru til að leiða til birtinga í ritrýndum alþjóðlegum vísindatímaritum.
- Verkefnin geta verið ný eða framhaldsverkefni.
- Framlag ungs starfsmanns til rannsóknarinnar skal vera verulegt og vel útskýrt.
- Vísindaverkefnið skal hafa skýr markmið og vel skilgreinda og varðaða verkefnisáætlun.
- Í umsókninni skal gera skýra grein fyrir væntingum um afrakstur og ávinning af verkefninu.
- Sami einstaklingur getur aðeins sótt um einn styrk sem aðalumsækjandi eða meðumsækjandi.
- Vísindasjóður Landspítala veitir ekki fleiri en einn styrk til sama verkefnis hverju sinni.

Sjóðurinn veitir ekki styrki til rannsókna sem þegar er búið að framkvæma.

Mat á umsóknum: Vísindaráð Landspítala metur umsóknir með tilliti til vísindalegs gildis verkefna, gæða umsókna, frammistöðu og reynslu umsækjenda af rannsóknarvinnu.

Úthlutun styrkja: Gert er ráð fyrir að úthlutun styrkja verði í desember 2017. Styrkhafar halda stutta kynningu á fyrirhuguðu verkefni við afhendingu styrkja.

Nánari upplýsingar veita Jóhanna Gunnlaugsdóttir, s. 543 6179, johgunnl@landspitali.is og Oddný S. Gunnarsdóttir, s. 543 1470, oddnygun@landspitali.is, báðar á skrifstofu framkvæmdastjóra hjúkrunar og framkvæmdastjóra lækninga, vísindadeild.